

Lagt fram á fundi yfirkjörstjórnar 11. maí 2022

### **Borgarstjórnarkosningar 14. maí 2022, helstu tímasetningar vegna talningar**

Aðsetur yfirkjörstjórnar Reykjavíkur á kjördag 14. maí 2022 verður í Ráðhúsi Reykjavíkur. Að loknum kjörfundi kl. 22.00, færir yfirkjörstjórnin sig í Laugardalshöll þar sem talning atkvæða fer fram.

Undirbúningur fyrir talningu atkvæða hefst í Laugardalshöll kl. 17.00 á kjördag. Á milli 17.30 – 17.50 tekur yfirkjörstjórn á móti 96 atkvæðakössum sem fluttir verða frá 22 kjörstöðum í Reykjavík. Kl. 18.00 verður talningarstaður í Laugardalshöll innsiglaður og læstur en þar fer fram afstemming og flokkun atkvæða til að undirbúa talningu af hálfu yfirkjörstjórnar að viðstöddum umboðsmönnum framboða. Kl. 22.00 rýfur oddviti yfirkjörstjórnar innsiglin og opnar talningarstað. Þá getur talning atkvæða hafist.

Streymt verður frá talningunni frá kl. 22.00 á vef Reykjavíkurborgar.

Í fyrstu umferð verða talin öll kjörfundaatkvæði fyrri hluta dags. Áætlað er að fyrstu umferð talningar ljúki ca. 23.40 og að fyrstu tölur í Reykjavík liggi fyrir og verði gerðar opinberar kl. 00.00.

Önnur umferð talningar hefst um leið og seinni kjörkassar berast í Laugardalshöll frá öllum 23 kjörstöðunum í Reykjavík að kjörfundi loknum. Áætlað er að lokið verði við að telja öll kjörfundaratkvæði ca. 02.50 og að aðrar tölur í Reykjavík liggi fyrir og verði gerðar opinberar kl. 03.00.

Í þriðju umferð verða utankjörfundaratkvæði talin. Áætlað er að lokið verði við að telja öll atkvæði ca. 04.00 og er áætlað að lokatölur í Reykjavík liggi fyrir og verði gerðar opinberar kl. 04.30.

Athugið að allar tímasetningar byggjast á áætlun og geta tekið breytingum.

**Yfirkjörstjórn Reykjavíkur**